



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1284/2024 í skipulagsgátt,
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Landnotkunarheimildir við Hringbraut -
Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Suðurgötu - USK24100121**

Vísað er til máls nr.1284/2024 í skipulagsgátt, Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Landnotkunarheimildir við Hringbraut - Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Suðurgötu - USK24100121. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER telur að þær athugasemdir sem gerðar voru í umsögn dags. 12. nóvember 2024 hafi ekki verið ávarpaðar í skipulagstillögunni. Í greinargerð er rætt um að svæðið sé undir miklu álagi vegna mikillar umferðar en aðeins fjallað um að það að bæta við gististöðum eða veitingarekstri valdi ekki miklum umhverfisáhrifum eða ónæði umfram það sem fyrir er. HER bendir á að þó svæðið sé þegar undir álagi breytir það því ekki að ónæði getur staðbundið orðið meira fyrir suma íbúa. Á slíku er unnt að taka í starfsleyfi fyrirtækja en einnig með skipulagsskilmálum.

HER ítrekar fyrri athugasemd um að breytt notkun húsnæðis í atvinnuhúsnæði í formi t.d. gististaða á þessu svæði ætti að kalla á aðgerðir til að koma í veg fyrir ónæði og loftmengun í húsnæðinu. Að mati HER þyrfti að skilyrða að gripið verði til hávaðavarna s.s. þrefalds glers í glugga. Eins ætti að skilyrða að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr loftmengun innandyrá, s.s. með því að hafa ekki opnanlega glugga sem snúa út að götunni og nota vélræna loftræsingu með inntak fjær götunni. HER telur að með því að ráðast í atvinnurekstur á þessum útsetta stað ættu kröfur að vera ríkar. Sömu kröfur ætti að gera ef byggt væri nýtt íbúðarhúsnæði á þessum stað.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri